



# Velferð barna – betur má ef duga skal

*Steinunn Bergmann, félagsráðgjafi MPA,  
sérfræðingur hjá Barnaverndarstofu*



Steinunn Bergmann

Í þessari grein verður fjallað um helstu aðgerðir sem stjórnvöld hafa gripið til til stuðnings börnum og fjölskyldum þeirra síðustu áratugi. Farið verður yfir þann stuðning sem stendur börnum og fjölskyldum þeirra til boða á vegum ríkis og sveitarfélaga, og rætt um hlutverk barnaverndarkerfisins ásamt tækifærum og áskorunum sem felast í samstarfi stofnana sem koma að þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Greinin byggist á erindi höfundar á ráðstefnu Geðhjálpur í október 2017 (Steinunn Bergmann, 2017), sem hafði yfirskriftina *Börnin okkar!* Heyra má ráðstefnuerindin á vefsetri Geðhjálpur.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var lögfestur hér á landi árið 2013 og hefur mikla þýðingu fyrir löggjöf um málefni barna á Íslandi. Þar er byggt á því viðhorfi að börn hafi þörf fyrir umsjá foreldra, eða annarra forsjármanna, og eigi rétt á henni, til þess að ná fullum þroska og njóta andlegrar og líkamlegrar velferðar. Ákvæði Barnasáttmálans og laga sem leggja áherslu á rétt barnsins, t.d. til forsjár foreldra og umgengni við þá, eru byggð á almennum félagslegum og sálfræðilegum viðhorfum um að börn hafi ríka þörf fyrir umhyggju og nán persónuleg tengsl við foreldra, eða forsjármenn, til þess að þau geti náð að þroskast eðlilega og orðið sjálfstæðir og nýtir einstaklingar. Samkvæmt 9. gr. Barnasáttmálans eiga börn rétt á að vera hjá foreldrum sínum nema velferð þeirra verði ekki tryggð með öðru móti, og barn sem elst ekki upp hjá báðum foreldrum á rétt á að umgangast þá báða reglulega nema það sé andstætt hagsmunum þess.

## Aðgerðaáætlanir af hálfu ríkisins

Það er almennt viðurkennt að fjölskyldan er grundvallarstofnun samfélagsins og hafa ýmsar ráðstafanir til að styrkja stöðu hennar verið gerðar hér á landi. Vert er

að nefna Landsnefnd um Ár fjölskyldunnar 1994. Hún tók til starfa í september 1991 og var markmið hennar að beina athygli samfélagsins að fjölskyldunni. Var ætlun nefndarinnar að beita sér fyrir aðgerðum til þess að breyta viðhorfum almennings og ráðamanna til fjölskyldunnar og afla þekkingar sem gæti legið til grundvallar tillögum um úrbætur. Nefndin lét gera víðtæka rannsókn á högum barnafjölskyldna á Íslandi, einkum með tilliti til aðstæðna barna einstæðra foreldra (Sigrún Júlíusdóttir, 1995). Ritið *Barnafjölskyldur. Samfélag — lífsgildi — mótun* er vitnisburður um stöðu fjölskyldunnar á þeim tíma og var þar bent á laka stöðu einstæðra foreldra og erfiðleika fráskilinna foreldra auk almennrar þarfar fyrir fræðslu og stuðning. Ýmis verkefni fóru af stað en það skorti heildstæðar aðgerðir og kerfisbundið samstarf þeirra stofnana sem ætlað var að styðja börn og fjölskyldur.

Aðgerðaráætlun til að styrkja stöðu barna og ungmenna leit dagsins ljós árið 2007. Þá var samþykkt þingsályktun um slíka aðgerðaáætlun fyrir árin 2007–2011 og voru meginatriði áætlunarinnar að bæta afkomu barnafjölskyldna, meðal annars með hækkun barnabóta til tekjulágra fjölskyldna, lengingu fæðingarorlofs, stuðningi við foreldra í uppeldisstarfi, eflingu forvarna og aðgerðum gegn vímuefnaneyslu. Einnig átti að framfylgja ákvörðunum um aðgerðir í þágu barna og ungmenna með þroskafrávik, hegðunarerfiðleika og geðraskanir, í þágu langveikra barna og barna í vímuefnavanda. Sömuleiðis átti að ráðast í aðgerðir til að vernda börn og ungmenni gegn kynferðisbrotum og til að styrkja stöðu barna innflytjenda. Samráðshópi fulltrúa frá ráðherrum félagsmála, heilbrigðis- og tryggingamála, dóms- og kirkjumála, fjármála og menntamála var ætlað að stuðla að samræmingu og eftirfylgni aðgerðaáætlunarinnar undir forystu félagsmálaráðuneytisins (Alþingi, 2007).

Haldin var ráðstefna til að kynna ólíkar aðferðir til að efla foreldrafærni hérlendis sem erlendis í mars 2008, og var þar kynnt Triple P-aðferðin til eflingar



foreldrafærni, sem hefur öðlast útbreiðslu í Ástralíu, Evrópu, Kanada og víðar. Einnig var fjallað um reynslu Norðmanna af Webster-Stratton-uppeldisaðferðinni (The Incredible Years) ásamt MST og PMT. Jafnframt var fjallað um innleiðingu MST á Íslandi, PMT í Hafnarfirði og SOS- uppeldisfræðsluna í Reykjanesbæ ásamt öðrum aðferðum til eflingar foreldrahæfni á vegum Miðstöðvar heilsuverndar barna og ÓB-ráðgjafar (Barnaverndarstofa, 2008).

Áður en þessar aðgerðir náðu fram að ganga kom banka- og efnahagshrun sem leiddi til pólitískrar kreppu, atvinnuleysis, upplausnar í samfélaginu og mikilla fjárhagserfiðleika hjá ríkinu, sveitarfélögum og heimilunum. Fjármagn til stofnana var skert og stofnanir sem veita þjónustu fyrir börn og fjölskyldur hafa síðan átt fullt í fangi við að halda í horfinu. Hefur starf þeirra einkennst af varnarbaráttu í stað þeirrar sóknar sem boðuð var í aðgerðaáætluninni. Þrátt fyrir vaxandi velmegun undanfarin ár hefur litlu verið áorkað í þágu barna og fjölskyldna og þær stofnanir sem ætlað er að veita stuðning búa enn við skertan fjárhagsramma og takmörkuð sóknarfæri.

Á árinu 2007 var fjármagn veitt af hálfu ríkisins til að stytta biðlista á BUGL og Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins (Velferðarráðuneytið, 2007a; 2007b). Sveitarfélögin stóðu mörg hver höllum fæti í kjölfar hrunsins og höfðu því vart úrræði til að bregðast við þeirri þjónustubörf sem í ljós kom í framhaldi af auknum afköstum þessara stofnana. Einnig var sett fjármagn í „Vitundarvakningu gegn kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum“ tímabilið 2012–2015, verkefni sem þrjú ráðuneyti komu að. Var ýmsum forvarnarverkefnum hrundið í framkvæmd á þeim tíma og Vitundarvakningaráttakinu falið að beita úrræðum sínum gagnvart öllum tegundum ofbeldis gagnvart börnum (Dómsmálaráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið og velferðarráðuneytið, e.d.).

Þingsályktun um stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára var samþykkt á Alþingi 29. apríl 2016. Þar eru þættir sem ættu að koma börnum og fjölskyldum til góða, svo sem sálfræðiþjónusta innan heilsugæslustöðva og innleiðing verkefnisins „Tölum um börnin“ eða "Fjölskyldubrúna" innan velferðarþjónustu. Auk þess skyldi efla göngudeild BUGL með það að markmiði að stytta biðlista. Þá er kveðið á um geðrækt og forvarnir þar sem sett skyldu á fót þverfagleg teymi í nærumhverfi til að sinna fræðslu, þjálfun, ráðgjöf og stuðningi við foreldra og fjölskyldur. Þá var ráðgerður starfshópur til að gera tillögur um geðræktarstarf í skólum (Alþingi, 2016).

Þingsályktunartillaga um fjölskyldustefnu til fimm ára var lögð fram í lok löggjafarþingsins 2015–2016 (Félagsmálaráðherra, 2016), en hlaut ekki afgreiðslu sökum tímaskorts. Áform voru um að leggja tillöguna fram á haustþingi 2017 þegar ný ríkisstjórn hafði tekið við en sú ríkisstjórn fór frá þegar þing var nýhafði (Stjórnarráð Íslands, 2017a). Málið er ekki að finna á fyrstu þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar sem við tók í nóvemberlok 2017 (Stjórnarráð Íslands, 2017b).

Verkefnisstjórn um mótun fjölskyldustefnu, sem upphaflega var skipuð árið 2015, hafði unnið drög að ályktunartillögunni og var markmiðið í þeirri vinnu að tryggja félagslegan jöfnuð með áherslu á að allar fjölskyldur njóti sama réttar, og koma í veg fyrir mismunun. Grunnildi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna endurspeglast í stefnuþrógunum og með aðgerðum á að leitast við að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar á sviði fjölskyldu- og mannréttinda. Lögð er áhersla á forvarnir og aðgerðir sem ætlað er að tryggja efnahagslegt öryggi, auka stuðning við umönnun og auðvelda samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs (Velferðarráðuneytið, 2015).

Ýmsar skýrslur, svo sem frá UNICEF á Íslandi og Barnaheillum – Safe the children á Íslandi, sýna niðurstöður sem eru um margt svipaðar þeim sem komu fram á ári fjölskyldunnar 1994. Unnið hefur verið að innleiðingu Barnasáttmálans af hálfu hins opinbera en ekki síður fyrrnefndra samtaka. Hér er verk að vinna: Með lögfestingu Barnasáttmálans árið 2013 hefur Ísland skuldbundið sig til að fara í öllu eftir ákvæðum sáttmálans.

### Þjónusta við börn og fjölskyldur

Þrátt fyrir þekkingu á verndandi þáttum og áhættuþáttum hjá börnum og barnafjölskyldum hefur ekki gengið nægjanlega vel að skipuleggja forvarnarstarf á vegum ríkis og sveitarfélaga þannig að komið sé til móts við þarfir barna og fjölskyldna með viðunandi hætti.

Ríki og sveitarfélög hafa skyldum að gegna gagnvart börnum og barnafjölskyldum bæði við fyrsta, annars og þriðja stigs forvarnir. Heilsugæslan sinnir mæðravernd, síðan tekur við ungbarnaverndin og skólaheilsugæslan. Ef þörf er á frekari þjónustu kemur að Þroska- og hegðunarstöð, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og/eða Barna- og unglingsgeðdeildinni. Sveitarfélögin reka leik- og grunnskóla, frístundaheimili og tómstundastarf. Þau eru jafnframt með sérfræðiþjónustu skóla og félagsþjónustu en innan félagsþjónustu er þjónusta við fötlun börn og barnaverndarstarf til verndar börnum sem búa við vanrækslu og/eða ofbeldi, og einnig til stuð-



ings börnum sem eru í áhættu vegna eigin hegðunar. Heilsugæsla og félagsþjónusta hafa jafnframt skyldum að gegna gagnvart fullorðnu fólki, þar með töldum for-eldrum, sem einnig hefur áhrif á aðstæður barna.

Barnaverndarstarf er bæði í höndum ríkis og sveitarfélaga og hefur verkaskiptingin haldist nær óbreytt frá því að fyrstu barnaverndarlögin tóku gildi árið 1932. Helstu breytingar á barnaverndarkerfinu eru stofnun Barnaverndarstofu árið 1995, tilkoma Barnahúss árið 1998 og innleiðing MST árið 2008. Á starfstíma Barnaverndarstofu hefur tilkynningum til barnaverndarnefnda sveitarfélaga fjölgað stöðugt. Á árinu 2016 var tilkynnt um 6% barna á Íslandi en vert er að hafa í huga að málefni 30–40% þeirra barna koma ekki til frekari skoðunar af hálfu nefndanna. Áhersla er á að veita stuðning í nærumhverfi barna og fjölskyldna og koma þannig í veg fyrir að börnin þurfi að vista utan heimilis. Meðferðarheimilum á vegum Barnaverndarstofu hefur fækkað síðastliðinn áratug í samræmi við minnkandi eftirspurn en á sama tíma hefur fósturráðstöfunum fjölgað. Árið 2016 voru 390 börn í fóstri.

Barnaverndarnefndir á vegum sveitarfélaga bera hitann og þungann af barnaverndarstarfi hér á landi og lengi vel voru það nefndarmennirnir sjálfir sem sinntu starfinu. Þegar fyrstu félagsráðgjafarnir komu til starfa hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur upp úr 1970 jókst fagmennska á þessu sviði innan Reykjavíkurborgar og nú hafa allar barnaverndarnefndir fagfólk í vinnu við að sinna barnaverndarstarfinu. Í öllum sveitarfélögum nema Reykjavík er barnavernd hluti af félagsþjónustu og í sumum sveitarfélögum er félags- og skólaþjónusta samþætt.

Stofnun Barnaverndar Reykjavíkur um síðustu aldamót var tilraun til að efla félagsþjónustu við börn og fjölskyldur í Reykjavík, jafnframt því að samræma barnaverndarstarf innan borgarinnar. Með stofnun þjónustumiðstöðvanna í Reykjavík árið 2005 var leitast við að samþætta félags- og skólaþjónustu auk tómstundastarfs í nærumhverfi í þágu barna og fjölskyldna þeirra. Þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar bjóða fjölbreytt úrræði til stuðnings börnum og fjölskyldum og er lögð áhersla á gagnreynd úrræði, þ.e. úrræði sem rannsóknir hafa sýnt fram á að bera árangur hjá skilgreindum hópum. Á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar eru í boði miðlæg úrræði, svo sem skammtímavistun fyrir fötluð börn, stuðningsheimili fyrir ungmenni, fjölskylduheimili og vistheimili fyrir börn. Þjónustumiðstöðvar annast ýmis samstarfsverkefni, svo sem í samstarfi við skóla og heilsugæslu, og að auki er skimað fyrir þunglyndis- og kvíðaekennum hjá börnum í 9.

bekk grunnskóla og veittur stuðningur eftir atvikum á grundvelli HAM. Þetta er til fyrirmyndar. Sveitarfélög ættu þó að hugleiða hvort þörf er á því að skima mun fyrir til að koma auga á börn í áhættu.

Flest sveitarfélög bjóða metnaðarfulla þjónustu fyrir börn og barnafjölskyldur, bæði í skólunum og félagsþjónustunni, en mörg þeirra hafa sökum smæðar takmarkaða getu til að veita sérhæfðan stuðning við börn og fjölskyldur þeirra. Víða er samstarf milli sveitarfélaga um þjónustu á grundvelli laga um málefni fatlaðra og barnaverndarlaga. Félagsþjónustulög eru rammalög og sveitarfélögum í sjálfsvald sett hvernig þjónustan er skipulögð. Þannig getur þjónusta við börn og fjölskyldur verið mjög ólík milli sveitarfélaga. Þá hefur skort gagnreyndar aðferðir við að meta verndandi þætti og áhættuþætti hjá börnum og fjölskyldum þeirra til að tryggja viðeigandi úrræði. Því er hætt við að ekki sé verið að bjóða þeim rétt úrræði sem hafa mesta þörf fyrir þau, heldur halda tiltækum úrræðum að þeim sem eru móttækilegir fyrir úrræðum.

Barnaverndarstofa hefur undanfarin ár skoðað leiðir til að samræma mat á verndandi þáttum og áhættuþáttum hjá börnum og fjölskyldum þeirra. Með tilkomu styrks frá „Evrópu unga fólksins“ hefur Barnaverndarstofa unnið að innleiðingu ESTER-matstækisins í samstarfi við höfunda ESTER-matsaðferðarinnar. Alls höfðu um 200 fagmenn í barnavernd og félagsþjónustu sótt námskeið um notkun matstækisins á árinu 2016 (Barnaverndarstofa, 2017). ESTER-aðferðin er sænsk, og er henni beitt með sérstökum matslistum og skimunarlistum til að meta verndandi þætti og áhættuþætti hjá börnum og fjölskyldum þeirra. Um er að ræða þá áhættuþætti og verndandi þætti sem rannsóknir hafa sýnt fram á að hafi áhrif á þróun frávíkshæðunar hjá börnum (Barnaverndarstofa, 2014). ESTER-matstækið gagnast ekki síður í skólum, heilbrigðisstofnunum og annars staðar þar sem börn og fjölskyldur þeirra njóta stuðnings. Með notkun ESTER-aðferðarinnar er stuðlað að samræmdu mati, innan stofnana og milli stofnana, á áhættuþáttum og verndandi þáttum hjá börnum og fjölskyldum. Það eykur líkur á því að fagfólk komi auga á þá þætti sem skipta máli við þróun frávíkshæðunar og gerir því kleift að beita viðeigandi úrræðum.

Ennþá skortir skipulagt samstarf milli þeirra stofnana sem koma að þjónustu við börn og fjölskyldur, og margir falla á milli kerfa. Nýlega var hafist handa við að ráða sálfræðinga á heilsugæsluna en þar vantar félagsráðgjafa og fleiri fagstéttir til að sinna heildstæðri grunnþjónustu. Sama má segja um skólana. Þar vantar



félagsráðgjafa og aðrar fagstéttir til að tryggja viðeigandi þjónustu í skóla án aðgreiningar. Erfitt er fyrir foreldra að átta sig á því hvert á að leita eftir stuðningi og það er algengt að foreldrar leiti of seint eftir aðstoð þannig að vandinn verður flókinn úrlausnar. Starfsfólk stofnana er undir miklu álagi, sem skapar hættu á að verkefni séu „skilgreind í burtu“ í stað þess að leita lausna. Börn fara á biðlista, sem eykur hættu á að vandinn magnist, og þegar kemur að þjónustunni þarf ýtarlegri úrræði. Í sumum tilvikum gefast foreldrar upp og óska eftir því að aðrir taki við umönnun barnsins. Það getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir barnið.

**Barnavernd**

Það getur verið flókið að meta hvort ákveðin atriði við umönnun og aðbúnað barna gera það að verkum að fjalla eigi um málið sem barnaverndarmál, með þeim skyldum og heimildum opinberra aðila sem það felur í sér, eða hvort frekar er um að ræða mál sem fjalla á um á grundvelli annarra laga, svo sem barnalaga, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, laga um málefni fatlaðra eða laga um grunnskóla. Ástæður fyrir því að mikilvægt er að skilgreina barnaverndarmál sérstaklega eru fyrst og fremst tvær. Í barnaverndarlögum eru skýr ákvæði um þau réttindi og skyldur sem barnaverndarnefndin hefur þegar verið er að fjalla um barnaverndarmál, um rétta málsmeðferð og um nokkur þeirra stuðningsúrræða sem eiga að standa til boða. Þessi réttindi og skyldur eru ekki til staðar í öðrum lögum og sýnir það vel þá sérstöðu sem barnaverndarmál hafa miðað við mál sem verið er að fjalla um á öðrum grunni, svo sem laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Ofbeldi gagnvart börnum hefur hlotið aukna athygli undanfarin ár. Sú athygli hefur leitt til forvarnarstarfs og ýmissa aðgerða. Má nefna útgáfu bókarinnar *Illu kalli* (Dahle og Nyhus, 2010), hópmeðferð á vegum Barnaverndarstofu fyrir börn sem búa við heimilisofbeldi á árunum 2010–2012, tilraunaverkefni Barnaverndarstofu vegna heimilisofbeldis 2011–2013, samstarf lögreglu og félagsþjónustu á Suðurnesjum frá 2013 og samstarf lögreglu og Reykjavíkurborgar frá 2015. Samstarf annarra sveitarfélaga og lögregluumdæma hefur síðan fylgt í kjölfarið. Þá hefur „Vitundarvakning“ þriggja ráðuneyta, sem áður var nefnd, haldið áfram með nokkur verkefni.

Vanræksla gagnvart börnum á sér margvíslegar rætur og hefur alvarlegar afleiðingar fyrir börnin. Því er mikilvægt að leita leiða til að koma í veg fyrir vanrækslu gagnvart börnum og grundvallaratriðið er að skilja hvað einkennir foreldra sem vanrækja börn sín.

**Lokaorð**

Líðan foreldra tengist getu þeirra til að mæta þörfum barna sinna. Með því að efla foreldrahæfni og styðja við parsambandið er hægt að auka möguleika barnsins á öruggri og ánægjulegri barnæsku. Því þarf að auka þekkingu foreldra, efla nærumhverfi þeirra og hvetja þá til að láta til sín taka í samfélaginu. Það er nauðsynlegt að tryggja börnum og fjölskyldum þeirra aðgang að almennri þjónustu með lágan aðgengisþröskuld. Þjónustan þarf að byggjast á heilsueflingu og snemmtækri íhlutun í anda fjölskyldumiðstöðvanna sem starfræktar eru annars staðar á Norðurlöndum. Fjölskyldumiðstöðvarnar bjóða nýja nálgun í stuðningi við daglegt líf barna og barnafjölskyldna. Þær veita þverfaglegan og þverstofnanalegan stuðning í samstarfi við þriðja geirann (Norræna velferðarmiðstöðin, 2012).

Framtíð hvers samfélags ræðst af hæfni þess til að stuðla að heilbrigðum þroska næstu kynslóðar. Fyrstu æviárin leggja grunninn að lífsgæðum barna og fullorðinslífi en fyrsti 1001 dagurinn í lífi barna er tímabil mikilla breytinga. Rannsóknir hafa varpað ljósi á það hvernig barnsheilinn er stilltur inn á þörf fyrir ást og umhyggju. Ef þessum þörfum er ekki fullnægt verða börn fyrir skaða sem hefur áhrif ævilangt. Ef ekki er brugðist við strax hefur það áhrif á núverandi kynslóð barna og ungs fólks, og einnig þá næstu (sjá t.d.: Guðbrandur Árni Ísberg, 2013; Killén, 2014; Norræna velferðarmiðstöðin, 2012; Steinunn Bergmann, 2010; Sæunn Kjartansdóttir, 2009; 2010).

Þjónusta við börn og fjölskyldur hérlendis er of brotarkennd. Fjármagn er oft veitt fyrst og fremst til þeirra sem ná eyrum ráðamanna án þess að horft sé á heildarmyndina. Það þarf samhæfðar aðgerðir til að ná árangri. Samstarfið þarf að ná í gegnum allt kerfið, frá ráðuneytum niður í stofnanir og til þeirra sem þurfa þjónustuna. Opinbera kerfið hefur tilhneigingu til að takast á við verkefni með því að hver stofnun bregst við vanda einstaklinga sem til þeirra leita. Þær vita hver af annarri og stundum er samstarf um einstök mál, en talsvert skortir á skipulegt samstarf. Því er mikilvægt að koma á kerfisbundnu samstarfi milli fagfólks í barnavernd, félagsþjónustu, skóla og heilsugæslu og fleiri stofnunum, auk annarra fagaðila sem koma að málefnum barna og fjölskyldna, og ekki síst samstarfi þessa fagfólks við foreldra og börn eftir atvikum. Hver þessara aðila býr yfir þekkingu, úrræðum og tengslum sem hinir hafa ekki, og því er nauðsynlegt að leggja saman til að finna raunhæfar lausnir. Vert er að hafa í huga að foreldrar bera hitann og þungann af uppleldi barna sinna og eru sérfræðingar um sitt barn. Því



er það grundvallaratriði að efla hæfni þeirra. Jafnframt þarf að tryggja samfélagslegan stuðning á öllum sviðum og snemmtæk úrræði fyrir börn og fjölskyldur þar sem þeirra er þörf. Þverfaglegt samstarf innan stofnana og milli þeirra krefst skipulagningar og tíma en þegar á líður skilar það sér í bættri stöðu barna og fjölskyldna þeirra á Íslandi.

## Heimildir

- Alþingi. (2007). Þingsályktun um aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna nr. 2/134. Sótt 3.3. 2018 af <https://www.althingi.is/altext/134/s/0039.html>
- Alþingi. (2016). Þingsályktun um stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára nr. 28/145. Sótt 3.3. 2018 af <http://www.althingi.is/altext/pdf/145/s/1217.pdf>
- Barnalög nr. 76/2004.
- Barnaverndarlög nr. 80/2002.
- Barnaverndarstofa. (2008). *Ráðstefna um eflingu foreldrafærni mánuðaginn 17. mars*. Sótt 3.3. 2018 af <http://www.bvs.is/barnaverndastofa/frettir/nr/332>
- Barnaverndarstofa. (2014). *Ester. Handbók. Mat á áhættu- og verndandi þáttum tengdum frávikshegðun barna*. Sótt 4.3. 2018 af <http://www.bvs.is/media/eydyblod-v-medferdar/ESTER-Handbok-2.pdf>
- Barnaverndarstofa. (2017). *ESTER málþing um samræmd vinnubrögð í barnavernd*. Sótt 4.3. 2018 af <http://www.bvs.is/barnaverndastofa/frettir/ester-malthing-um-samraemd-vinnubrogd-i-barnavernd>
- Dahle, Gro, og Nyhus, Svein. (2010). *Illu kalli* (Sigrún Árnadóttir, þýð.). Reykjavík: Mál og menning.
- Dómsmálaráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið og velferðarráðuneytið. (e.d.). *Ofbeldi gegn börnum – fræðsluflúsi*. Sótt 3.3. 2018 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/malefni-barna/ofbeldi-gegn-bornum-fraedslufluni/>
- Félagsmálaráðherra. (2016). Tillaga til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017–2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur. Þingskjal 1502. Stjórnartillaga. *Alþingistíðindi*. Sótt 12.11. 2017 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/malefni-barna/ofbeldi-gegn-bornum-fraedslufluni/>
- Guðbrandur Árni Ísberg. (2013). *Í náundinni. Innlifun og umhyggja*. Reykjavík: JPV.
- Killén, K. (2014). *Áhrif bernskunnar á líf kynslóðanna* (Tryggvi Gíslason, þýð.). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
- Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.
- Norræna velferðarmiðstöðin. (2012). *Börn á Norðurlöndum. Snemmbær úrræði fyrir börn og fjölskyldur*. Sótt 4.3. 2018 af <http://www.nordicwelfare.org/PageFiles/415/Inspirations-haften/5IS.pdf>
- Sigrún Júlíusdóttir (ritstj.). (1995). *Barnafjölskyldur. Samfélag – lífsgildi – móttun*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Steinunn Bergmann. (2010). „Á misjöfnu þrífast börnin ...?“ Í Salvör Nordal, Sigrún Júlíusdóttir og Vilhjálmur Árnason (ritstj.), *Velferð barna. Gildismat og ábyrgð samfélags* (bls. 145–157). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Steinunn Bergmann. (2017). *Íslensk barnavernd – betur má ef duga skal*. Myndband erinda fluttra á þingi Geðhjálp, Börnin okkar!, á Grandhótelu 17. október 2017. Sótt 12.11.2017 af <http://gedhjalp.is/fraedsla/upptokur-af-malthingum/bornin-okkar/>
- Stjórnarráð Íslands. (2017a). Þingmálaskrá 147. löggjafarþings 2017–2018 (frá ráðuneyti Bjarna Benediktssonar). Væntanlegt á vefsetur Alþingis (sjá á slóðinni: <http://www.althingi.is/thingstorf/leidbeiningar-og-yfirlit/thingmalaskra-rikisstjornar/>).
- Stjórnarráð Íslands. (2017b). Þingmálaskrá 148. löggjafarþings 2017–2018 (frá ráðuneyti Katrínar Jakobsdóttur). Sótt 4.3. 2018 af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/thingmalaskra/>
- Sæunn Kjartansdóttir. (2009). *Árin sem engin man. Áhrif frumberskunnar á börn og fullorðna*. Reykjavík: Mál og menning.
- Sæunn Kjartansdóttir. (2010). Við vissum það ekki þá en við vitum það núna. Um áhrif fyrstu árána á börn og fullorðna. Í Salvör Nordal, Sigrún Júlíusdóttir og Vilhjálmur Árnason (ritstj.), *Velferð barna. Gildismat og ábyrgð samfélags* (bls. 133–143). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Velferðarráðuneytið. (2007a). Ráðist gegn biðlistum hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Sótt 3.3. 2018 af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2007/06/26/Radist-gegn-bidlistum-hja-Greiningar-og-radgjafarstod-rikisins/>
- Velferðarráðuneytið. (2007b). *Gedheilbrigðisþjónusta við börn og ungmenni stórefld*. Sótt 3.3. 2018 af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2007/08/16/Gedheilbrigdisthjonusta-vid-born-og-ungmenni-storefld/>
- Velferðarráðuneytið. (2015). *Þingsályktunartillaga um fjölskyldustefnu afhent félags- og húsnæðismálaráðherra*. Sótt 4.3. 2018 af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2015/02/19/Thingsalyktunartillaga-um-fjolskyldustefnu-afhent-felags-og-husnaedismalaradherra/>